

## **Svæðisbundið samráð** **um varnir gegn ofbeldi og öðrum afbrotum á Suðurnesjum**

Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Suðurnesjabær, Sveitarfélagið Vogar, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Heilsugæslan Höfða, Keilir, Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og Sýslumaðurinn á Suðurnesjum hafa ákveðið að vinna saman gegn ofbeldi og öðrum afbrotum með sameiginlegum markmiðum og aðgerðum, sem byggðar eru á svæðisbundnum aðstæðum á Suðurnesjum. Samstarfsyfirlýsingin er grundvöllur sameiginlegrar framkvæmdaáætlunar með áþreifanlegum aðgerðum, verkefnum og markmiðum.

**Samstarfsaðilar** hafa farið yfir stöðuna á Suðurnesjum m.a. varðandi núverandi samvinnu, upplýsingar frá sveitarfélögum, tölfræði lögreglu og upplýsingar úr þolendakönnun, farsældarvísa fyrir Suðurnes, niðurstöður Rannsóknna og greininga, samfélagsgreiningar sem Velferðarnetið hefur unnið með Hagstofu Íslands og upplýsingar frá undirbúningsfundum samstarfsaðila. Niðurstöður benda til þess að mikil forvarnarvinna er unnin á Suðurnesjum af hendi hinna ýmsu aðila en að tækifæri séu til að efla samstarfið, samræma enn frekar forvarnarstarf og styrkja lykilaðila vegna afbrota- og ofbeldisvarna sem og að styrkja enn frekar samvinnu samstarfsaðila á svæðinu til að takast á við ofbeldi og áföll.

Við þessa vinnu kom sterkt fram að samstarfsaðilar eru reiðubúnir til að vinna saman að stofnun samráðsvettvangs um varnir gegn ofbeldi í því skyni að bæta enn frekar þjónustu við íbúana í þessum málaflokki og vinna í sameiningu að enn öruggara samfélagi á Suðurnesjum.

**Markmið** með svæðisbundnu samráði er eftirfarandi:

- að bæta enn frekar þjónustu við samfélagið á Suðurnesjum þegar kemur að forvörnum og viðbrögðum við ofbeldi og öðrum afbrotum
- að auka öryggi íbúa og tilfinningu þeirra fyrir eigin öryggi
- að efla enn frekar samstarf milli samstarfsaðila um afbrotavarnir og forvarnir gegn ofbeldi
- að samræma, styrkja og auka sýnileika þess sem þegar er gert til að sporna við og bregðast við ofbeldi á svæðinu
- að þróa nýjar aðgerðir sem miða að því að draga úr ofbeldi og bæta þjónustu við þolendur
- að vinna í takt við önnur verkefni í þágu almannaheilla á Suðurnesjum, svo sem innleiðingu á farsæld barna, lýðheilsuvísa og áætlanir sveitarfélaga

### **Fyrirkomulag samráðsins**

Stofnaður verður reglubundinn **samráðsvettvangur** samstarfsaðila á Suðurnesjum sem samanstendur af aðilum sem á einhvern hátt vinna að aðgerðum gegn ofbeldi eða þjónustu við þolendur á svæðinu. Samráðsfundur er haldinn tvisvar á ári þar sem farið verður yfir framgang þeirra verkefna sem unnin hafa verið frá síðasta fundi og niðurstöður nýjustu greininga/mælinga í málaflokki og hugmyndum að áframhaldandi verkefnum safnað.

Stofnað verður **framkvæmdateymi** sem samanstendur af aðilum sem starfa í umboði þeirra sem undirrita samráðsyfirlýsingu þessa. Hlutverk framkvæmdateymis er að vera leiðandi í þróun samráðsins, boða og undirbúa samráðsfundi, taka ákvarðanir um ný verkefni, fylgjast með og ræða þróun málaflokksins og nýjustu greiningar, ásamt því að fylgja eftir verkefnum. Framkvæmdateymi fundar að minnsta kosti átta sinnum á ári.

Framkvæmdateymi getur sett á stofn **vinnuhópa** fyrir einstök verkefni en aldrei án þess að í hópnum sitji að minnsta kosti einn aðili úr framkvæmdateymi. Tíðni funda í vinnuhópum er ákveðinn af hópnum og fer eftir aðstæðum og umfangi verkefna.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum boðar samráðsfundi samstarfsaðila, leiðir framkvæmdateymi og boðar fundi þess. Þátttaka í samráðsvettvangi, framkvæmdateymi og vinna við áhersluverkefni er unnin sem hluti af daglegum rekstri samstarfsaðila.

## Framkvæmdaáætlun


- Innleiða samráðsvettvang Suðurnesja sem fundar tvisvar á ári
- Innleiða reglubundna fundi framkvæmdateymis sem fundar að minnsta kosti átta sinnum á ári
- Auka enn frekar samvinnu- og samlegðaráhrif í þeim afbrota- og forvarnaverkefnum sem þegar eru í vinnslu hjá samstarfsaðilum
- Leita leiða til að auka enn frekar samvinnu í úrlausn þeirra ofbeldismála sem þegar eru í vinnslu
- Skilgreina önnur afbrota – og forvarnarverkefni í kjölfar funda samráðsvettvangs
- Skilgreina og innleiða eftirfylgni með þeim mælikvörðum sem valdir verða til árangursmælinga

Samstarfsaðilar skuldbinda sig til að fylgja eftir aðgerðum framkvæmdaáætlunar. Þátttakendur í framkvæmdateymi sækja umboð til að taka þátt í/hefja ný áhersluverkefni innan framkvæmdaáætlunar til síns vinnustaðar þegar þörf er á.


## Gildistími og endurskoðun samstarfsyfirlýsingar

Gildistími samstarfsyfirlýsingarinnar er frá 23. nóvember 2023 til lok kjörtímabils sveitarstjórna árið 2026. Samstarfsyfirlýsingin og þar með stöðumat, markmið og framkvæmdaáætlun er endurskoðuð í upphafi hvers kjörtímabils eða fyrr ef verulegar breytingar verða á aðstæðum í samfélaginu.

Reykjanesbæ, 23. nóvember 2023


  
Grindavíkurbær  
Einar Jónasson  
bæjarstjóri

  
Suðurnesjabær  
Magnús Stefánsson  
bæjarstjóri


  
Fjölbautaskóli Suðurnesja  
Kristján Ásmundsson  
skólameistari


  
Keilir  
Nanna Kristjana Traustadóttir  
framkvæmdastjóri

  
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum  
Berglind Kristinsdóttir  
framkvæmdastjóri


  
Heilsugæslan Höfða  
Þórarinn Ingólfsson, yfirlæknir

  
Reykjanesbær  
Kjartan Már Kjartansson  
bæjarstjóri

  
Sveitarfélagið Vogar  
Guðrún P. Ólafsdóttir  
sviðsstjóri fjármála og stjórnsýslu

  
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja  
Alma María Rögnvaldsdóttir  
framkvæmdastjóri hjúkrunar

  
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum  
Alda Hrönn Jóhannsdóttir  
yfirlögfræðingur

  
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum  
Ásdís Ármannsdóttir  
sýslumaður